

## B.t. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

**Til** : 'Jón Reynir Sigurvinsson' <jon@fvi.is>  
**Frá** : Axel Rodriguez Överby  
**CC** : Nanný Arna Guðmundsdóttir;Bryndís Ósk Jónsdóttir  
**Heiti** : B.t. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða  
**Málsnúmer** : 2021050028  
**Málsaðili** : Ísafjarðarbær  
**Skráð dags** : 06.05.2021 15:52:21  
**Höfundur** : Axel Rodriguez Överby

**Viðhengi** [image003.jpg](#)[image003.jpg](#)  
[Gulur miði.jpg](#)[Gulur miði.jpg](#)  
[Rauður miði.JPG](#)[Rauður miði.JPG](#)  
[Tilkynningarbréf samhangandi gulum miða.JPG](#)[Tilkynningarbréf samhangandi gulum miða.JPG](#)  
[Aðvörunarbréf frá Vöku.png](#)[Aðvörunarbréf frá Vöku.png](#)  
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Sæll Jón Reynir

Pakka samtalið í dag, eins og þú veist að þá var ég að skoða verklag í kringum númerslausa bíla, hvernig væri hægt að ná utan um það með samningi við verktaka o.þ.h. ég lít svo á að Ísafjarðarbær sé umboðslaus vegna þessa, m.t.t. samþykktar og lagarammans um hollustuvernd og heilsuhætti. Eins og þetta lítur út í dag þá er staðan sú að Heilbrigðisnefndir starfa samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt þágildandi 13. gr. laganna, nú 47. gr., sbr. lög nr. 66/2017 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, ber heilbrigðisnefnd að sjá um að framfylgt sé ákvæðum þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á. Gilda og stjórnýslulög nr. 37/1993 um störf nefndarinnar. Samkvæmt þágildandi 1. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1998, nú 49. gr., ráða heilbrigðisnefndir á hverju svæði heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit sveitarfélaganna með þeim viðfangsefnum sem undir löggin falla. Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefndar samkvæmt sama ákvæði.

Í samþykkt Ísafjarðarbæjar lýtur svo út sem að þetta sé í höndum heilbrigðiseftirlits að fylgja framkvæmdinni eftir þ.e.a.s. að fjarlægja bíla 7. gr. samþykktarinnar er eftirfarandi  
7. gr. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi, þar sem eiganda eða ábyrgðarmanni ef við á skal almennt veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar. Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr., enda hafi þá engin andmæli borist. Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar, svo sem dráttar- og geymslugjöld. Liggi fyrir skráningarmerki, vélarnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá, veðhöfum og tryggingafélagi, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Það hefur verið allur gangur á því hvernig þessi mál hafa verið útfærð, sumstaðar hefur heilbrigðiseftirlit verið með þessi mál á sínum snærum m.a. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, skv. Helga Haraldssyni þá er verklagið þar á þennan

veg

„Eftir að frestur rennur út og ökutækið er enn á sama stað þá er send út dráttarbeiðni á Vöku.

Það er í rauninni enginn samningur á milli HES og Vöku, við óskum bara eftir þeirra þjónustu við að fjarlægja númerslaus ökutæki sem þeir gera. Það eina sem er hugsanlega öðruvísi fyrir okkur er að Vaka sendir eigendum ökutækjanna aðvörunarbréf sem segir að ökutækið sé í þeirra vörslu. Ef eigandi ökutækisins gengur ekki frá málum við Vöku þá greiðum við reikninginn og í kjölfarið sendum við eiganda reikning og kröfu í heimabanka með áföllnum kostnaði þ.e. tímagjaldi HES.

Hins vegar ef eigandi er látinn, fluttur erlendis og þ.h. eða það næst hreinlega ekki í hann þá sendum við reikning fyrir kostnaði á viðkomandi bæjarfélag að frádregnu tímagjaldi HES.

### **Lóðahreinsanir**

HES er að sinna eftirliti með lóðum og löndum og er okkur ekkert óviðkomandi í þeim efnum þ.e. skiptir ekki máli hvort sé um iðnaðarsvæði eða íbúðabyggð, bújarðir eða hvað annað. Ef við metum að of mikill úrgangur, rusl, drasl eða mengun sé á lóðum þá getum við sent kröfu um lóðahreinsun.

Við finnum eigendur fasteigna og lóða og ef þess þarf, fáum lóðarblöð hjá byggingarfulltrúa, látum setja lóðina út með hælum ef þess þarf, fáum staðfestingu á stöðuleyfi vörugáma eða annarra lausamuna og fl. Við tökum mikið af myndum af jörðu niðri og/eða dróna.

Við sendum eigendum fasteigna á lóðinni kröfubréf með frest til fjögurra vikna og sendum síðan afrit á lóðar- eða landeiganda. Geri eigandi/umráðamaður lóðarinnar ekkert þá sendum við honum lokafrest til tveggja vikna. Ef ekkert er gert eftir þann tíma leggjum við málið fyrir heilbrigðisnefnd sveitarfélaganna og nefndin felur okkur að hefja hreinsun við fyrsta hentugleika.

Eiganda er þá tilkynnt um afgreiðslu nefndarinnar og við hinkrum í einhverja daga í viðbót. Ef ekkert gerist þá köllum við til verktaka og hreinsum lóðina á kostnað eiganda hennar. Við lóðahreinsun er allt\* tekið sem á lóðinni er en úrgangurinn getur verið númerslaus ökutæki, vörugámar, bátar, kofar og hvað eina. Ef eigandi greiðir ekki reikninginn erum við komin með lögveði í bæði fasteignum sem á lóðinni standa og lóðinni sjálfri. Við verðmætametum ekkert á lóðinni og öllu\* er fargað á löglegan máta. (Ég set stjórnun við „allt“ og „öllu“ því auðvitað getum við líka leyft okkur að líta í gegnum fingur okkar og ákveðið að nú sé búið að hreinsa nóg eða sleppa þessum hlut eða hinum.) (Vörugámar og aðrir lausamunir eru teknir séu ekki stöðuleyfi fyrir þeim og þeim fargað)

Það er enginn samningur við sveitarfélögin vegna lóðahreinsana eða vegna númerslausra ökutækja. Góð samvinna við umhverfissvið og byggingarfulltrúa sveitarfélaganna er nauðsynleg og mjög gott ef skilningur er fyrir hendi á störfum heilbrigðiseftirlita og auðvitað öfugt.

Hins vegar að ef við erum með kröfu um lóðahreinsun á lóðum sveitarfélaganna þá sleppum við tímagjaldi HES og rukkum eingöngu fyrir kostnaði verktaka við hreinsun og förgun útgangs“

skv. Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja þá er verklag á þann veg að ef númerslaus bíll er innan þinglýstra lóðamarka þá er veitt viðvörun (gulur miði) síðan rauður. Sé bíll á opnum svæðum er farið beint í rauðan. Eftir álit umboðsmanns Alþingis vegna númerslausra bíla innan lóðamarka var farið að veita viðvörum sbr. stjórnsýslulög, síðan tilkynning um stjórnvaldsákvörðun.

Ég óska eftir því að Heilbrigðisnefnd Vestfjarða skoði verklagsreglur og samþykktir hvað varðar númerslausa bíla, eins staðan er núna þá er sveitarfélagið umboðslaust. Það er alfarið á hendi Heilbrigðiseftirlits.



Axel Rodriguez Överby

**Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs**

Tæknideild Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður  
450 8000 – [axelov@isafjordur.is](mailto:axelov@isafjordur.is) - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)